

Nd.

926. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðar-ráðstafana.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr.

Orðin: »að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í sveita-málum og kaupstaða«, falli burt.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtíðargjaldið. Hefir það lögtaksrjett, sem sveitarútsvör. Það fje, sem inn kemur með þessari niðurlögnun, skal notað til þess, að sjá þeim fátækum mönnum fyrir atvinnu, sem hennar geta notið, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki, þá til þess, að sjá fátæku fólki fyrir lífsnauðsynjum, matvæl-um og eldsneyti, með vægu verði eða ókeypis, ef brýn þörf er. Styrkur þessi kallast dýrtíðarstyrkur og nær til allra búsettra manna, sem með þurfa. Má ekki skoða hann sem sveitarstyrk nje skerðing á heiðri eða mannrjettindum.